Ástin fer aldrei úr tísku

Gjörningaklúbburinn er þekkt fyrirbæri í listalífi Íslendinga en yfirlitssýning klúbbsins stendur nú yfir í Listasafni Reykjavíkur og spannar 11 ára feril. Gjörningaklúbburinn lagði upp með gjörninga en þróaðist út í nútímalist. Ekkert er þeim óviðkomandi. *Hanna Björk Valsdóttir* hitti þær **Eirúnu Sigurðardóttur, Jóní Jónsdóttur og Sigrúnu Ingu Hrólfsdóttur** meðan undirbúningur stóð sem hæst í Hafnarhúsinu.

Það var mikið um að vera í Listasafni Reykjavíkur þegar blaðamaður mætti daginn fyrir opnun yfirlitssýningarinnar. Stúlkurnar í Gjörningaklúbbnum sem reyndar velta fyrir sér hvenær verður hætt að kalla þær stúlkur eru á víð og dreif um safnið að koma verkunum fyrir. Alls staðar er fólk að vinna, eiginmenn, vinir og vandamenn. Hátt í hundrað manns hafa lagt hönd á plóg fullyrða stelpurnar og undirbúningur hefur staðið í tvö ár. Yfirlitssýningin er stærsta sýning þeirra til þessa. Eirún, Jóní og Sigrún labba um sýningarsalinn í hendingskasti meðan hamarshöggin dynja og útskýra gömul verk og nýrri. Í gömlu verkunum er Dóra Ísleifsdóttir með þeim en hún yfirgaf klúbbinn árið 2001. Eirún, Jóní og Sigrún vinna allar sem ein og tala allar sem ein. Þær enda setningar hver hjá annarri og útskýra til skiptis. Ein kona með þrjú höfuð, að minnsta kosti á meðan þær koma fram sem Gjörningaklúbburinn.

Rannsóknin

Rannsóknarverkefni sýningarinnar er hvernig gjörningarnir geti lifað án þess að stelpurnar séu að framkvæma þá. Til þess hafa þær fengið THG Arkitekta í lið með sér og arkitektinn Arnald Scram sem hefur staðið í ströngu við að byggja umgjörð utan um gömlu gjörningana. Inni í hverri bólu eru upplifanir varðveittar. Búningar og vídeóupptökur af verkunum rifja upp stemninguna. „Við erum búnar að fara í marga hringi með hvernig best sé að gera þetta.“ Það er óhætt að segja að útkoman er mjög skemmtileg.

Á einum sjónvarpsskjá sjást þær klæddar í dúnsængur að fremja dansleikhúsgjörning í Bergen. „Fólk vissi ekki hvað það átti að halda en sem betur fer var barn í áhorfendahópnum sem byrjaði að hlæja og þá varð fólk rólegra og fattaði að þetta var ekki svona mikið drama,“ útskýrir Jóní. Húmor og íronía eru einmitt gegnumgangandi í verkum Gjörningaklúbbsins, á sama tíma og þær vilja láta taka sig alvarlega.

Eins dress

Búningar og sérhannaðir leikmunir eru óaðskiljanlegur þáttur í gjörningum þeirra. „Það hefur verið gegnumgangandi hjá okkur að vera í eins dressum og flottum búningum, stundum fáum við förðunarfræðinga til að gera brjálað meiköpp. Það er stór partur af þessu gjörningaklúbbsdæmi. Eins segjum við aldrei hver gerði hvað. Heldur er þetta allt eftir okkur,“ útskýra þær.

Glænýjar teikningar gerðar sérstaklega fyrir þessa sýningu hanga uppi á vegg. „Þetta eru lítil minningarbrot úr gjörningum og verkum sem við höfum gert í gegnum tíðina. Við teiknum allar, en það er alls ekki gefið upp hver teiknaði hvaða mynd. Við erum þær einu sem vitum það. Það er það skemmtilega við að eiga leyndarmál,“ segja þær brosandi.

Í einni bólunni á Gjörningaklúbbsandinn heima. „Hérna verða allir búningar frá okkur og hlutir sem tengja okkur.“ Næsta bóla við er íhugunarherbergi frá árinu 2000. „Maður fer þarna inn og horfir á sig í demantaspeglinum



ÁN ÞÍN (2001) Þetta er ótrúlega gott tækifæri til að pæla í hlutunum og setja þá í samhengi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Almenningur hefur tekið okkur opnum örmum. En sumir fræðimenn hafa þóst vera eitthvað merkilegir með sig og hafa ekki getað tekið þátt. Við erum alls ekki eitthvert léttvægt dót.